

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 29/2018**

2019/EES/98/29

frá 9. febrúar 2018

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun (ESB) 2016/802 fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/32/EB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21ad (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/32/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32016 L 0802**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis (Stjtið. ESB L 132, 21.5.2016, p. 58).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/802, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.